

25

31. marz

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu með fjárgreiðslum úr ríkissjóði og um áhrif nokkurra landbúnaðarafurða á vísitöluna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja fé úr ríkissjóði til þess að halda niðri dýrtíðarvísitölu frá 15. sept. 1946 að telja, svo sem með niðurgreiðslu á tilteknum neyzluvörum eða á annan hátt.

Ef vara er seld tvenns konar verði vegna ráðstafana ríkisstjórnarinnar og hún sér um, að hæfilegt neyzlumagn vörunnar og ekki undir því magni, sem reiknað er í vísitölu, að viðbættum 25% sé á boðstólum með lægra verðinu, skal vísitalan eingöngu miðuð við það.

2. gr.

Verðlag á kjöti af sauðfé, sem slátrað er til sölu á tímabilinu frá 1. ágúst til 20. september ár hvert, og á kartöflum, sem teknar eru upp og seldar á sama tíma, skal eigi hafa áhrif á vísitöluna, enda sé á boðstólum nægilegt magn af þessum vörum með því verði, sem reiknað er með í vísitölunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.